

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1995

19. júlí 1995

977

Nr. 399

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Til og með 8. ágúst 1995 eru allar loðnuveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum:

1. Sunnan $68^{\circ}10'N$ og vestan $18^{\circ}V$.
2. Sunnan $67^{\circ}40'N$ og austan $18^{\circ}V$.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.